

**Til skipulagsyfirvalda í Kópavogi
vegna tillagna um byggingar á lóðunum Arnarsmára 32
og Nónhæð (Arnarsmára 36)**

Ég undirrituð, Harpa Gunnarsdóttir kt. 141262-4679, íbúi í Brekkusmára 4 í Kópavogi geri hér með athugasemdir við kynntar tillögur um fyrirhugaðar byggingar á lóðunum Arnarsmára 32 og Nónhæð (Arnarsmára 36).

Athugasemdir mínar vegna Arnarsmára 32 eru eftirfarandi:

- **ég er algjörlega mótfallin því að byggt verði háhýsi á þessari lóð og óska eftir að svæðið fái að halda sínu upprunalega hlutverki.**
- svæðið er samkvæmt aðalskipulagi ætlað sem þjónustu- og verslunarsvæði, auk þess sem boðað er að taka eigi hluta af grænu/leiksvæði undir þá byggingu sem kynnt var.
- á svæðinu eru í dag leikskóli, sjálfsafgreiðslubensínstöð og verslunarhúsnæði. Staðsetning sjálfsafgreiðslubensínstöðvarinnar hefur að mínu mati alltaf verið mjög vafasöm vegna nálægðar við leikskólann. Vissulega væri gott að losna við hana úr hverfinu, en ekki í skiptum fyrir íbúðablokk á lóðinni. Verslunarhúsnæðið hefur ekki verið nýtt fyrir en nú - þar sem fólk af erlendu bergi brotið virðist nú búa þar – þrátt fyrir að þetta hús sé ekki ætlað sem íbúðahúsnæði. Körfuboltavöllurinn sem er á græna/íþróttasvæðinu núna hefur verið vel nýttur af íbúum hverfisins og alveg forkastanlegt að ætla að skerða þau leiksvæði sem eru í hverfinu.
- ég óska eftir því að þetta svæði verði áfram notað sem þjónustu- og verslunarsvæði fyrir hverfið. Óska eftir því að Kópavogsbær vinni að því að fá virka starfsemi á svæðið sem þjónar íbúum hverfisins og nærliggjandi hverfum.

Athugasemdir mínar vegna Nónhæðar (Arnarsmára 36):

- **ég er algjörlega mótfallin því að byggt verði á þessum reit sem samkvæmt aðalskipulagi er ætlaður sem blanda af grænu svæði til sérstakra nota og opnu svæði til sérstakra nota.**
- íbúum Kópavogs hefur í gegnum árin verið kynnt áhugaverð nýting á þessu svæði þar sem þessi hluti Nónhæðarinnar fengi sérstakan sess í bænum og fengi að njóta sín fyrir fallett útsýni til allra átta sem er frá svæðinu. Þrátt fyrir að upphafleg hugmynd að nýtingu Bahaía nái ekki fram að ganga á grunnhugmyndin að nýtingu svæðisins, sem aðalskipulag byggir á, fullan rétt á sér áfram. Reyndar má segja að sú grunnhugmynd sé enn mikilvægari í dag en áður í þeirri gríðarlega miklu framkvæmdagleði sem ríkir hjá Kópavogsbæ og þeim hagsmunaaðilum sem koma að uppbyggingu á lóðum í kringum þetta svæði og víðar í Kópavogi í dag.
- ég óska eftir því að Kópavogsbær beiti sér fyrir því að þetta svæði verði nýtt í samræmi við núverandi aðalskipulag og fái þann sess sem því var ætlað sem falletgur gríðarstaður í grónu hverfi með útsýni til allra átta.
- ýmsar hugmyndir hafa komið upp um notagildi þessa svæðis og m.a. nefnt að það gæti þjónað mikilvægum tilgangi í tengingu milli nýrra og eldri hverfa bæjarins með göngu/hjólbrautum allt upp að Elliðavatni. Með því móti væri hægt að mynda göngu/hjólbraut allt í kringum byggðina sem væri vissulega gott innlegg í hvatningu til útivistar og hreyfingar Kópavogsbúa og leggja þar með áherslu á lýðheilsu bæjarbúa.

Fram hefur komið hjá bæjarfulltrúum að tekið verði tillit til athugasemda íbúa við kynntar tillögur og er það einlæg von mín að bæjarfulltrúar sinni þeim skyldum sínum að vinna fyrir bæjarbúa og móta skipulagsmál í Kópavogi með þeim hætti að þjóna íbúum sem best.

Kapp er best með forsjá og er að mínu mati orðið tímabært fyrir skipulagsyfirvöld í Kópavogi að staldra aðeins við og átta sig á hvert stefnir áður en meira er byggt og fleiri íbúar snúast á móti bæjaryfirvöldum vegna tillitsleysis við tillögur og framkvæmd skipulagsmála.

Kópavogur 17. ágúst 2007
Harpa Gunnarsdóttir

Ofangreindar athugasemdir verða sendar á netfangið skipulag@kopavogur.is og afrit til aðal- og varafulltrúa í skipulagsnefnd Kópavogs ásamt til Ómars Stefánssonar formanns bæjarráðs.